

Fimmtudaginn 14. október 1976.

Nr. 64/1976. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Sigþóri Guðjónssyni

(Lúðvík Gizurarson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson,
Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.
Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómarinn hefur réttilega sakfelld ákærða fyrir brot þau, sem hann er saksóttur fyrir í ákæruskjali.

Ákærði gekkst með dómssátt í sakadómi Reykjavíkur hinn 22. mars 1973 undir 3.500 króna sekt vegna ölvunar við akstur bifreiðar. Taldist brotið varða við 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, en sektin var tiltekin með vísun til 80. gr. sömu laga og 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Sætti ákærði jafnframt sviptingu ökuleyfis í 3 mánuði, sbr. 24. gr. laga nr. 82/1969 og 81. gr. laga nr. 40/1968. Í dómssátt var greint, að hún hefði ítrekunaráhrif á síðari brot, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga. Dómssátt þessi hefur ítrekunaráhrif á brot það, sem ákærði er nú dómfelldur fyrir, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga.

Eins og í héraðsdómi greinir, reyndist alkóhólmagn í blóði ákærða 1.77‰. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 15 daga varðhald, sbr. nú 1. gr. laga nr. 54/1976 og 2. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt 3. málsg. 81. gr. laga nr. 40/1968 og 1. málsg. 24. gr. laga nr. 82/1969 ber að svipta hann ævilangt ökuleyfi sínu.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærða ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, 25.000 krónur. Annar áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, enda hefur af hálfu ákærvaldsins verið

fallið frá kröfu á hendur ákærða um greiðslu annars áfrýjunarkostnaðar en málsvarnarlauna.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sigþór Guðjónsson, sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Lúðvíks Gizurarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur, en annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Barðastrandarsýslu 15. ágúst 1975.

Ár 1975, föstudaginn 15. ágúst, kl. 1130, var í sakadómi Barðastrandarsýslu, sem haldinn var í Bjarkarlundi, Reykhólahreppi, af Jóhannesi Árnasyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. /1974 (sic): Ákærvaldið gegn Sigþóri Guðjónssyni, sem var dómtekið sama dag.

Mál þetta er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. desember 1974, höfðað á hendur Sigþóri Guðjónssyni verkamanni, Hafrafelli I, Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, fæddum 5. maí 1953 í Reykjavík, fyrir að aka aðfaranótt mánudagsins 3. júní 1974 undir áhrifum áfengis bifreiðinni B 436 frá Dalabúð í Búðardal áleiðis heim til sín, en lögreglan stöðvaði akstur hans skammt vestan Búðardals.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisviptingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur og hefur áður sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1973 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. almennra hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 6. febrúar 1973.

1973 22/3 í Reykjavík: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Svíptur ökuleyfi í 3 mánuði.

Samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins eru málavextir sem hér segir:

Ákærði fór á dansleik í félagsheimilinu Dalabúð í Búðardal sunnudaginn 2. júní 1974 og ók þá bifreiðinni B 436 frá Hafrafelli I í Reykhólasveit, Austur-Barðastrandarsýslu, til Búðardals. Á dansleiknum um kvöldið og fram eftir nóttu neytti ákærði áfengis og viðurkenndi að hafa drukkið u. þ. b. hálfa flösku af Vodka. Að dansleik loknum ók hann síðan bifreiðinni frá Búðardal og hugðist aka aftur að Hafrafelli, en var þá stöðvaður af lögreglunni um kl. 0350 e. m. skammt vestan við Búðardal, en þangað hafði lögreglan veitt bifreiðinni eftirför. Ákærði kvaðst hafa „ekið af stað í augnabliksæði“, eins og hann komst að orði við yfirheyrslu í sakadómi 1. október 1974. Hann viðurkenndi þá að hafa brotið áfengis- og umferðarlög með akstri sínum í umrætt sinn. Hann viðurkenndi að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, er hann ók bifreiðinni B 436 af stað frá Búðardal, og strax gert sér grein fyrir því, að með því að aka bifreiðinni þannig á sig kominn væri hann að brjóta lög.

Blóðsýni var tekið úr ákærða strax eftir aksturinn og sent Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði til alkóhólákvörðunar með grasgreiningu á súlu, og reyndist magn alkóhóls í blóðinu vera 1.77‰, sbr. dskj. nr. 3, við rannsókn málsins.

Ákærði var svíptur ökuleyfi til bráðabirgða 1. október 1974 skv. 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt viðurkenningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni B 436 undir áhrifum áfengis frá Dalabúð í Búðardal áleiðis heim til sín að Hafrafelli í Austur-Barðastrandarsýslu aðfaranótt mánudagsins 3. júní 1974, svo sem að framan er lýst, og með því gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar er rétt lýst.

Þar sem brot ákærða er í ákæruskjali rétt fært til refsíákvæða, ber að taka til greina allar kröfur ákærvaldsins í þessu máli.

Refsing ákærða skv. 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969 þykir hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá 1. október 1974 að telja,

en þá var hann sviptur ökuleyfi til bráðabirgða skv. 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Sigbór Guðjónsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár frá og með 1. október 1974.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. október 1976.

Nr. 66/1976. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Svavari Bjarnasyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson,
Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur borið brigið á, að blóðsýni það, sem í rannsókn málsins er talið varða hann, sé úr honum tekið, og staðhæfir hann, að mistök hljóti að hafa átt sér stað. Sakargögn veita eigi vísbendingu um, að neitt sé tortryggilegt við blóðtöku, vörslu blóðsýnis og úrvinnslu eða skýrslutöku í því sambandi. Að svo vöxnu ber að staðfesta úrlausn héraðsdómara um sakfellingu ákærða og færslu á háttsemi hans til refsíákvæða.

Refsingu ákærða ber að ákveða samkvæmt refsíákvæðum þeim, er greinir í héraðsdómi, og nú samkvæmt 1. gr. laga nr. 54/1976, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún